

Félagsmálaráðuneytið leitaði til Geðhjálpar:

Þessum manni er ekkert sinnt

HEILBRIGÐISMÁL „Þessum manni er ekkert sinnt og erfitt á að taka þegar hann er orðinn svona hættulegur,“ sagði Sveinn Magnússon, framkvæmdastjóri Geðhjálpar, um mál geðsjúka mannsins sem Fréttablaðið fjallar um í dag. Sveinn staðhæfir að 20 einstaklingar, sem eru hættulegir umhverfi sínu vegna geðsýki, velkist um í kerfinu en fáí hvergi inni. Þar af sé ein kona. Heilbrigðisvirkni hafa dregið þessa tölu í efa en Sveinn segist standa við hana, þar sem hann starfi í hringiðu geðheilbrigðismála.

Mál þessa umrædda manns kom inn á borð Geðhjálpar fyrir um það bil einu og hálfu ári. Það gerðist með þeim hætti að félagsmálaráðuneytið hafði samband við Geðhjálpar og bað um að samtökin gengju í málið, þar sem maðurinn væri að snúa öllu við í ráðuneytinu. Geðhjálpar tók málið

þegar að sér, en hvorki hefur gengið né rekið, þar sem enginn staður er til fyrir hann. Félagsmálayfirvöld hafa einnig haft ótta af manningum.

„Ef þessum manni verður sinnt álit ég að hann hafi burði til að vera mun virkari samfélagsþegn og lifa þar af leiðandi bærilegra lífi. Hann er bráðgreindur.“

Sveinn átelur harðlega að sú lokaða deild fyrir geðsjúka sem heilbrigðisráðherra boðaði uppbyggingu á sé enn ekki nema orðin tóm. Ráðherra hafi tilkynnt að fjármagn lægi fyrir, en ekki hefur náðst samkomulag um staðsetningu.

„Það þarf ákveðna nauðung hvað þessa einstaklinga varðar, þannig að hægt sé að koma þeim í það horf, að þeir verði færir um að meðtaka síðan meðferð, sem gerir þeim lífið bærilegra. Það þýðir innilokun til að byrja með, en síðan áframhaldandi vinnu og



SVEINN MAGNÚSSON

Kallar enn og aftur eftir boðaðri deild fyrir þá 20 geðsjúku einstaklinga sem eru hættulegir sjálfum sér og umhverfi sínu. Þeir eru á þvælingi, án úrræða, þar sem enginn staður er til að taka við þeim.

stuðning við að koma þeim út af deildinni.“ ■